

Sp.

519. Tillaga til þingsályktunar

[209. mál]

um hagnýtingu jarðhita til lækninga.

Flm.: Unnar Stefánsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna til hlítar möguleika á hagnýtingu jarðhita til lækninga og leita innanlands og utan eftir einkafjármagni til samstarfs við opinbera aðila um að reisa og reka heilsuhæli í Hveragerði.

Greinargerð.

Erlendir sérfræðingar hafa oftlega látið í ljós þá skoðun, að hér á landi væru hin ákjósanlegustu skilyrði til rekstrar heilsuhæla með hagnýtingu hveravatns og hveraleirs til lækninga. Eftir því sem fjárhagsgeta almennings hér á landi sem annars staðar verður meiri, vex þörfin á hvers konar heilsuverndarstöðvum og heilsuhælum, bæði til baðlækninga og til hressingar í orlofsdvölum. Á s. l. sumri var nokkrum Íslendingum boðið að kynna sér nokkra heilsulindabæi í Þýzkalandi, en þar eru rekin fjölmörg heilsuhæli, bæði af hálfu hins opinbera, af tryggingarfélagum, launþegasamtökum og einstaklingum. Margra ára reynsla sýnir, að verulegs árangurs má vænta í lækningu hvers konar gigtarsjúkdóma, hjartasjúkdóma og ýmissa annarra sjúkdóma.

Á árinu 1957 skilaði stjórnskipuð nefnd álitum um þessi mál til heilbrigðismálaráðuneytis, sem vísaði frekari aðgerðum til hreppsnefndar Hveragerðishrepps. Fyrir nokkru reis á laggirnar í Hveragerði myndarlegt heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands, sem náð hefur árangri á sviði baðlækninga, en er einskorðað við ákveðið mataræði. Hveragerðishreppur og Ölfushreppur hafa í hyggju að ráðast í að reisa baðstað við héraðssundlaugina í Laugaskarði, þar sem yrði aðstaða til að veita hveravatnsböð, leirböð, nudd og aðrar þær aðgerðir, sem algengast er að gestir spyrji eftir, en framkvæmdir hafa strandað á fjárskorti. Augljóst er, að fámennit sveitarfélag veldur ekki því verkefni, sem hér er um að ræða. Er því lagt til, að ríkisstjórnin láti nú kanna til þrautar þær leiðir, sem til greina koma í hagnýtingu hverahitans til lækninga, og leiti eftir því, hvort heilbrigðisstjórnin eða Tryggingastofnun ríkisins væri líkleg til að leysa þetta verkefni, og ef æskilegt þætti að leita eftir samstarfi við erlent eða innlent einkafjármagn um stofnun hlutafélags með opinberum aðilum til að koma á fót myndarlegri baðlækningastofnun.

Heilbrigðisfyrirvöldin gera sér án efa fullkomlega grein fyrir því verkefni, sem kallar að á þessu sviði, en þau hafa ekki talið sig geta sinnt því af fjárhagslegum ástæðum, meðan ekki gynnir á þeim stórverkefnum, sem yfir standa í byggingu sjúkrahúsa í Reykjavík. Slík baðlækningastofnun gæti jafnframt gegnt því hlutverki að taka á móti afturbatasjúklingum og mundi þannig verulega létta af sjúkrahúsum. Kemur því mjög til álita, hvort hið opinbera ætti ekki að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar og úrlausnar.